

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 17/2015

Reykjavík, 27.08.2015
2015080251

Efni: Innköllun á súkkulaði „Twin BAR wafer“ frá Schär

Heilsa ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla frá neytendum súkkulaðið **Twin BAR wafer** frá Schär. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðenda hefur komið upp grunur um að ákveðnar lotur af vörunni gætu innihaldið Salmonellu.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: Schär

Vöruheiti: Twin BAR wafer

Strikanúmer: 8008698010235

Umbúðir: Plastumbúðir

Nettómagn: 64,5g

Best fyrir: 26.05.2016

Framleiðsluland: Holland

Innflytjandi: Heilsa ehf

Dreifing: Heilsuhornið Blómaval, Fjarðakaup, Heilsuhúsið, Krónan, Lifandi markaður, Lyfjaver, Nettó, Strax, Heimkaup og Þín verslun.

Sala á ofangreindri vöru hefur verið stöðvuð. Neytendur sem hafa keypt vöruna eru vinsamlega beðnir um að skila henni í verslunina þar sem hún var keypt eða farga henni. Frekari upplýsingar fást hjá Heilsu ehf í síma 533-3232.

